



SKOÐUN Sigurður Oddsson vill nýjan spítala í Fossvoginn. **16**



MENNING Frumsýna nýtt dansverk Unnar Elfsabetar í Þjóðleikhúsinu. **24**



LÍFIÐ Vinnur við að stuðla að friðsamlegri sambúð gyðinga og araba í Ísrael. **38**



SPORT Ísland í riðli með nokkrum af bestu liðum heims á EM 2015. **32**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
9. desember 2014
289. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Kynntu tvær hugmyndir Kröfuhafar verða knúin til að breyta eignum sínum í skuldabréf, verði tillögur um losun hafta að veruleika. **10**

Fá hærri einkunnir 2.058 börn fá hærri einkunnir í samræmdum prófum vegna mistaka í útreikningi. **2**

Léleg greining Prettán þúsund hermenn verða áfram í Afganistan á vegum NATO og Bandaríkjanna til að þjálfa og aðstoða heimamenn. **12**



Bolungarvík	-2°	SV	6
Akureyri	-2°	SV	10
Egilsstaðir	-2°	SV	8
Kirkjubæjarkl.	-2°	SV	8
Reykjavík	0°	SV	9

ÉLJAGANGUR Víðast suðvestan 8-15 m/s í dag og él en gengur í norðan storm um norðvestanvert landið seint í kvöld. Kólnandi veður. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk



Aðstoðarmenn Sigmundar Davíðs fá yfir 64 milljónir

Heildarlaunakostnaður 20 aðstoðarmanna ráðherra eru 204 milljónir króna á ári. Af þessum 20 aðstoðarmönnum starfa 7 fyrir forsætisráðherra. Forystumenn stjórnarandstöðunnar segja ráðherrana sýna slæmt fordæmi.

STJÓRN MÁL Alls eru tuttugu manns starfandi í dag sem aðstoðarmenn ráðherra. Heildarlaunakostnaður þessara tuttugu starfsmanna á ársgrundvelli er 203,7 milljónir króna.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir ríkisstjórnina ekki ganga á undan með góðu fordæmi. „Ef hún telur ástæðu til að skera niður, þá verður hún að byrja hjá sjálfri sér. Þessi ríkisstjórn hefur lýst því yfir að búið sé að ná viðsnúningi í ríkisfjármálum. En þessi liður vex stjórnlaust á meðan álögur á sjúk-

linga hækka og framhaldsskólunum er lokað fyrir fólki.“

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, bendir á að fyrirkomulagið stuðli að ójafnræði milli ráðherra. „Misjafn fjöldi aðstoðarmanna stuðlar að ójafnræði en líka ógagnsæi,“ segir hún. Katrín segist á sínum tíma hafa mælt fyrir því að hver ráðherra hefði aðeins tvo aðstoðarmenn.

Af þessum tuttugu aðstoðarmönnum starfa sjö fyrir Sigmund Davíð Gunnlaugsson í forsætisráðuneytinu. Þessir aðstoðarmenn Sigmundar þiggja alls að minnsta-

kosti 64,3 milljónir í árslaun fyrir störf sín. Aðrir ráðherrar eru með færri aðstoðarmenn á sínum snærum. Flesta á eftir Sigmundi hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, þrjá aðstoðarmenn.

Tveir ráðherrar hafa tvo sér til aðstoðar. Það eru þau Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Búast má við að nýr ráðherra, Ólöf Nordal, muni fá til liðs við sig tvo aðstoðarmenn. Aðrir ráðherrar hafa einn aðstoðar-


„Þessi liður vex stjórnlaust á meðan álögur á sjúklinga hækka og framhaldsskólunum er lokað fyrir fólki.“

mann; þau Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra, og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra, en hann var tímabundið með tvo.

- kbg,fbj / sjá síðu 8



HVATTUR TIL AÐ HLUSTA Læknanemar færðu Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, hlustunarpípu í gær til þess að hann ætti auðveldara með að hlusta á kröfur lækna. Þeir munu ekki ráða sig í vinnu á heilbrigðisstofnunum fyrr en búið er að leysa kjaradeilu lækna og ríkisins.



MEÐ HETJUNNI Davíð Máni er mikill aðdáandi Slash. MYND/JÓHANNES BJARKI

Draumurinn rættist óvænt: Hitti Slash eftir tónleikana

TÓNLIST Þrettán ára einhverfur strákur frá Akureyri, Davíð Máni Jóhannesson, fékk draum sinn uppfylltan á laugardaginn þegar hann hitti gítarleikarann Slash eftir tónleika hans í Laugardalshöllinni.

„Slash var bara frábær, alveg sallarólegur og rosalega almennilegur,“ segir pabbi Davíðs Mána, Jóhannes Bjarki Sigurðsson, sem var með í för. „Strákurinn fraus aðeins. Þótt hann sé sleipur í enskunni þá var hann þínu feiminn. Hann er búinn að hlusta á Guns N'Roses frá því hann var tveggja ára.“

- fb / sjá síðu 38

Landsvirkjun hefur greitt 5 milljarða í arð til ríkisins á síðustu þremur árum: Arðgreiðslur aldrei verið hærri

ORKUMÁL Landsvirkjun hefur aldrei greitt meira í arð frá stofnun fyrirtækisins en þrjú síðastliðin ár. Greiðslurnar nema rúmlega 1,5 milljörðum að jafnaði öll árin.

Í samantekt Landsvirkjunar fyrir Fréttablaðið um arðgreiðslur fyrirtækisins frá stofnun þess kemur í ljós að fyrstu árin eftir hrun greiddi Landsvirkjun ekki arð. Á árunum 1997 til 2008 var

greiddur arður á hverju ári og fór hann stighækkandi. Þegar greiðslurnar voru hæstar á þeim tíma fóru þær upp í 7,8 milljónir Bandaríkjadala – eða milljarð króna á núvirði.

Um mitt ár 2011 birti GAM Management hf. [GAMMA] úttekt á efnahagslegum áhrifum af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035. Niðurstöður

1,5 milljarða króna hefur ríkissjóður fengið frá Landsvirkjun á hverju ári síðustu þrjú ár.

skýrslunnar voru að greiðslur til ríkissjóðs gætu numið frá 30 milljörðum króna innan fárra ára.

- shá / sjá síðu 6

KÆRLEIKSKJÚLAN

MANDARÍNA

David Örn Halldórsson

Sölu tímabil 5. - 19. desember
www.kaerleikskulan.is

STYRKARFÉLAG LAMADRA OG FATLADRA

Glaesilegar jólagjafir

Kíktu á úrvalið í vefversluninni okkar á michelsen.is

MICHELSEN ÚRSMIDIR

Ennþá öflugra D-vítamín

• Spreyjað undir tungu

• Gott bragð

• Vörn gegn flensu

NÝTT

LUX

www.gengurvel.is

SPURNING DAGSINS



Anna, var bara hlegið að þér?

„Fólk meig í sig úr hlátri.“

Anna Þóra Björnsdóttir, sem er 52 ára þriggja barna móðir, segir alla hafa haldið að hún hafi fengið blæðingu inn á heila þegar hún sagðist ætla á námskeiði í uppistandi.

Enn lengist kjaradeila lækna og ríkisins. Ríkið býður læknum hátt í tíu prósent launahækkun:

Boða harðari verkfallsaðgerðir á nýju ári

KJARAMÁL Læknar samþykktu í gærkvöld auknar verkfallsaðgerðir á komandi ári. Verkfallsloturnar á nýju ári munu standa í fjóra daga í stað tveggja. Kosning um aðgerðirnar hafði staðið undanfarna viku. Fyrsta lotan mun hefjast þann 5. janúar. 98 prósent þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu verkfallið.

„Það þarf að boða til verkfalls með ákveðnum fyrirvara og það er ekkert sem bendir til að samningur séu í nánd,“ segir Þorbjörn

Jónsson, formaður Læknafélags Íslands. Hann segir jafnframt að ekkert heildstætt tilboð hafi borist frá ríkinu.

Ríflega tvö hundruð lækna-nemar lýstu því yfir í gær að þeir myndu ekki ráða sig sem kandidata eða aðstoðarlækna á heilbrigðisstofnanir landsins fyrr en sátt hefði náðst í deilunni. Umsóknarfrestur um kandidatsstöður rann út 24. nóvember en var framlengdur sökum fárra umsókna. Læknarnemar hafa

mannað um 75 stöðugildi undanfarin sumur.

Samninganefndir deiluaðilanna funduðu í gær án árangurs. Fundurinn stóð yfir í klukkustund og hefur verið boðað til nýs fundar á morgun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur læknum verið boðin um tíu prósent launahækkun en Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar lækna, segir tilboð ríkisins hljóða upp á minni hækkun.

-jõe



HEILBRIGÐISSTARFSMENN Verkfallslotur á nýju ári munu standa í fjóra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



VINNUPALLAR Byggingin var rústir einar og ekkert stóð eftir nema vinnupallarnir sem umluku það. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Íkveikja er talin líklegasta orsök brunans. Rannsókn er hafin: Stórhýsi brann til kaldra kola

BANDARÍKIN Það þurfti yfir 250 slökkviliðsmenn til að ráða niðurlögum elds sem kviknaði í Los Angeles í gær. Framkvæmdir stóðu yfir í húsinu sem varð eldinum að bráð en til stóð að opna verslanir á neðstu hæðum þess en efri hæðirnar áttu að hýsa fólk.

Sjö hæða hátt húsið brann til kaldra kola. Eldurinn náði að breiða úr sér í tvær nærliggjandi byggingar og loka þurfti nálægum hraðbrautum meðan unnið var að slökkvistarfi. Rannsókn fer fram á tildrögum eldsins en talið er að kveikt hafi verið í. Engin slys urðu á fólki.

-jõe

Goslok ekki á næstunni: Eldgosið staðið í alls 100 daga

NÁTTÚRA Eldgosið í Holuhrauni hefur staðið í 100 daga samfleytt, og heldur áfram með líkum hætti og verið hefur síðustu vikur.

Í skýrslu vísindamannaráðs almanna- og vísindamála segir jafnframt að þrátt fyrir að gosið hafi staðið í rúmlega þrjá mánuði sé enn mikið hraunflæði í Holuhrauni og sigræði öskju Bárðarbungu verulegur.

Ef þróunin verður með sama hætti og verið hefur mun bæði sig Bárðarbungu og eldgosið í Holuhrauni halda áfram í að minnsta kosti nokkra mánuði, er mat vísindamannaráðsins.

-shá

Tónlistarskólakennarar: Nýr samningur var samþykktur

KJARAMÁL Félagar í Félagi tónlistarskólakennara samþykktu nýgerðan kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga. Allsherjaratkvæðagreiðsla um samninginn hófst 3. desember og lauk á hádegi í gær.

Alls greiddu 81,39 prósent atkvæði með samningnum en 11,67 prósent voru andvíg. Kosningabátttakan var 67,92 prósent. Á kjörskrá voru 530. Kjarasamningurinn gildir frá 1. nóvember 2014 til 31. október 2015.

-ibs

Einkunnir meira en 2.000 barna hækka

Samræmd próf verða tekin til gagngerrar endurskoðunar eftir röð mistaka við framkvæmd þeirra. Einkunnir 2.058 barna hækka, engar einkunnir munu lækka.

MEINTUN „Þetta er mikið áfall fyrir okkur,“ segir Arnór Guðmundsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, um villur í útreikningum á samræmdum prófum. Vitlaust var gefið fyrir rétt svör í samræmdum prófum í fjórða bekk.

Arnór segir búið að leiðrétta niðurstöðurnar í gagnagrunninum og senda skólastjórnendum upplýsingar um þær. Einkunnir 2.058 barna hækkuðu í kjölfarið.

„Það verður farið yfir öll próf í fjórða, sjöunda og tíunda bekk,“ segir hann.

Hann segir engar einkunnir munu lækka í kjölfar leiðréttingarinnar þótt rúmlega 200 nemendur séu í raun með lægri einkunn. „Einkunnir barna verða bara hækkaðar. Við höfum látið vinna fyrir okkur lögfræðialit sem segir að það megi ekki lækka einkunnir. Breytingar á einkunnum, bæði hækkanir og lækkanir, breyta hins vegar tölfræði samræmdra prófa í ár.“

Samræmd próf í grunnskólum hafa verið töluvert til umfjöllunar síðustu vikur og Námsmatsstofnun sætt mikilli gagnrýni vegna innihalds prófanna sem þykir að einhverju leyti ekki í samræmi við aðalnámskrá skólanna. Þá var ein spurning um orð í fleirtölu á íslenskuprófi röng og texti á enskuprófi þótti fullþungur.

Arnór segir þau mistök sem gerð hafa verið í ár áminningu um betri vinnubrögð og segir stofnunina nú skoða fyrirkomulag samræmdra prófa almennt.

„Við tökum allt til gagngerrar endurskoðunar. Próf þurfa að vera í samræmi við hæfnimiðað námsmat, þá erum við að þróa skimun-



ÁFALL Forstöðumaður Námsmatsstofnunar segir mistök við framkvæmd samræmdra prófa í ár áfall og áminningu um betri vinnubrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

arpróf vegna lesturs og rafræn einstaklingsmiðuð próf.

„Við erum að fara í gegnum öll samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði með það fyrir augum að bæta þau og uppfæra í tengslum við nýja námskrá. Í einstaklings-

miðuðum, rafrænum prófum getum við fylgt færni hvers og eins. Í staðinn fyrir að prófa einstök þekkingaratriði þá prófum við hvernig nemendur geta beitt þekkingu,“ segir Arnór.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Kaupverðið er 1,5 milljarðar punda eða 300 milljarðar íslenskra króna:

Íhuga kaup á Refresco Gerber

VIÐSKIPTI Fjárfestingarfélagið Blackstone Group íhugar nú kaup á Refresco Gerber, stærsta drykkjarvöruframleiðanda Evrópu. Kaupverðið er tæplega 1,5 milljarðar sterlingspunda sem jafngildir 300 milljörðum íslenskra króna.

Meðal hluthafa Refresco Gerber eru Stodir (áður FL Group) sem á um þriðjungs hlut, Kaupþing, Arion banki og félagið 3i.

Í sumar bárust fréttir af því að eigendur Refresco Gerber væru að skoða skráningu fyrirtækisins á markað. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur skráning ekki enn verið útilokuð en verið er að ræða við fjárfesta sem sýnt hafa fyrirtækinu áhuga og meta hvort nægilega gott tilboð berist. Ellegar verði það skráð á hlutabréfmarkað. Bandaríski bankinn JP Morgan annast sölufrelsið fyrir félagið. Ekki er



SMOOTHIE Refresco Gerber, sem er að hluta í eigu nokkurra Íslendinga, framleiddir um 6,5 milljarða lítra af drykkjarvörum árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

búist við endanlegri ákvörðun fyrr en í mars á næsta ári.

Þrjár Íslendingar sitja í stjórn Refresco Gerber, þeir Þorsteinn Már Jónsson, Hilmar Þór Krist-

insson og Jón Sigurðsson. Starfsmenn Refresco Gerber eru tæplega 5 þúsund en fyrirtækið framleiðir árlega í kringum 6,5 milljarða lítra af drykkjarvörum.

-fbj

☆ Sól fyrir jóla

TENERIFE 10.-20. desember

Hotel Zentral Center ☆☆☆☆

FRÁ 109.900 kr.

Verð á mann m.v. tvo fullorðna.
Morgunverður innifalinn.
Brottför: 10. des. – 10 nætur.

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

Fiskislóð 31, 101 Reykjavík | Sími 514 1400 | sumarferdir.is

Síminn

Fleiri frábærar
gjafahugmyndir
á siminn.is/jol


Heilt hlaðborð af jólagræjum



Fitbit Flex

14.990 kr.

Snjallarmband sem mælir skrefafjölda og hreyfingu auk þess að fylgjast með svefni. Armbandið nemur hve lengi þú ert að sofa og hvernig nóttin skiptist í djúp- og grunnsvefn.



Samsung Galaxy S4+

Einn skarpasti skjárin í dótaskúffunni.

4.190 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Sveigjanlegur
Góður snjallpakki
í 6 mánuði.***

Staðgreitt: 69.990 kr.



Samsung Galaxy Alpha

Í glansandi sparifötum allt árið.

6.590 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Sveigjanlegur
Góður og Spotify
Premium á 0 kr.
í 6 mánuði.**

Staðgreitt: 109.990 kr.



Sennheiser
Momentum On-Ear

29.990 kr.

Þýsk hágæða heyrnartól þar sem hönnun og frábær hljómburður fara saman. Minni útgáfa af hinum rómuðu Momentum heyrnartólum. Litir: Rauður, svartur, brúnn.



LG L30

Einfaldur en eldklár fyrir litla stúfa.

890 kr.

á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt:
19.990 kr.



Nokia Lumia 530

Einfaldar lífið þegar tossalistinn lengist.

1.790 kr.

á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt:
19.990 kr.



SVONA ERUM VIÐ



39,7 vinnustundir voru unnar að meðaltali í viku í október 2014.

Peim hefur fækkað lítillega, voru 42 árið 2007.

Samkeppniseftirlitið hefur engar athugasemdir við söluferlið. Þingmaður segir svör munu fást að lokum: Spurningum um sölu á Borgun enn ósvarað

SAMKEPPNISMÁL Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir að enn sé ekki ljóst hvers vegna eignarhlutur Landsbankans í Borgun var ekki settur í opið söluferli.

Efnahags- og viðskiptanefnd átti í gær fund með forstjóra Samkeppniseftirlitsins, bankastjóra Landsbankans og forstjóra Bankasýslu ríkisins þar sem áður nefnd sala á 31,2 prósent hlut Landsbankans í Borgun var til umræðu.

„Fyrir mig persónulega þá voru

svör þessara manna ekki fullnægjandi,“ segir Þorsteinn Sæmundsson. Hann bendir á að Landsbankinn sé hlutafélag og 98% séu í eigu ríkisins. Það verði forvitnilegt að sjá hvað kemur á daginn á næsta hluthafafundi komi í ljós að hægt hefði verið að fá herra verð fyrir hlut bankans.

„Reynslan sýnir að það er óheppilegt að viðskiptabankar, sem eru keppinautar, fari saman með eignarhlut í kreditkortafyrirtækjum,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

„Undanfarið hefur verið löggö áhersla á að lengra verði gengið í þessum efnunum og að viðskiptabankarnir komi ekki saman að eignarhaldi fyrirtækjanna,“ heldur Páll áfram. Hann bætir við að Samkeppniseftirlitið muni hvorki taka afstöðu til þess hvaða bankar eigi greiðslukortafyrirtækin né hvort Landsbankanum hafi borið að setja hlutinn í opið söluferli.

„Við hvorki föllumst á eða gerum athugasemd við útfærsluna á söluferlinum,“ segir Páll.



ÞINGMAÐUR Þorsteinn Sæmundsson fékk ekki svör á fundinum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HERJÓLFUR Ný Vestmannaeyjaferja er í farvatninu. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Segja Herjólf óhagkvæman: Töf sögð kosta 130 milljónir

SAMGÖNGUR „Á hverju ári sem ríkið dregur að láta smíða nýtt skip brennir ríkið að óþörfu um 130 milljónum vegna þess hve óhagkvæmur í rekstri Herjólfur er,“ segir bæjarráð Vestmannaeyja og vitnar í samantekt um nýsmíði Vestmannaeyjaferju. Þar komi fram að áætlaður árlegur rekstrarkostnaður nýju ferjunnar sé um 400 milljónum lægri en á núverandi skipi og að áætlaður lántökukostnaður sé um 270 milljónir verði skipið alfarið fjármagnað með lánum.

Hanna Birna fær sæti: Aftan við Össur og Ögmund

STJÓRN MÁL Þegar Alþingi kemur saman eftir jólafrí 20. janúar á næsta ári fjölga um einn í þingsalnum þar sem eftirmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í embætti innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, átti ekki sæti á þingi. Ólöf tekur sæti Hönnu Birnu við hlið Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, en Hanna Birna fær autt sæti í öftustu röð við hlið Höskuldur Þórhallssonar úr Framsóknarflokki. Framan við hana eiga sæti Ögmundur Jónasson úr VG, Össur Skarphéðinsson úr Samfylkingu og þingforsetinn Einar K. Guðfinnsson úr Sjálfstæðisflokki.

Telur fólk hugsa af meiri skynsemi eftir bankahrun

Hagvöxtur er minni á fyrstu níu mánuðum ársins en búist var við. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis segir mögulegt að fólk leggi meiri áherslu á að greiða upp skuldir sínar nú en áður. Hugsunarháttur fólks hafi breyst eftir hrun. Hagvaxtartölur gætu haft áhrif á stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans á morgun.

EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur er umtalsvert minni í ár en búist hafði verið við. Skýringarnar eru fyrst og fremst raktar til minni einkaneyslu. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir hugsanlegt að fólk sé að leggja meiri áherslu á að greiða upp skuldir en búist var við. Sumir séu hreinlega í þeirri stöðu að þeir geti bara alls ekki auknið einkaneyslu sína.

Landsframleiðslan á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 jókst um 0,5% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2013. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 3%. Einkaneysla jókst um 2,8%, samneysla um 1,1% og fjárfesting um 12%. Í Peningamáli Seðlabankans frá 5. nóvember sagði að talið væri að hagvöxtur yrði 2,9 prósent á árinu í heild.

Frosti Sigurjónsson segir hugsanlegt að vextir séu of háir, vaxtaþyrðin of þung og það orsaki litla neyslu. „Það er alveg ljóst að einkaneysla á Íslandi er lítil miðað við það sem hún hefur oft verið áður og í samanburði við nágrannalönd,“ segir Frosti. Hann bætir því við að hann hafi ekki séð skýringar um þetta frá sérfróðum aðilum. „Þetta eru bara svona hugleiðingar mínar.“

Aðspurður segir hann að Seðlabankinn hljóti að taka tillit til þessara talna við stýrivaxtaákvörðun á morgun. Hann vilji þó alls ekki setja peningastefnufundinni neitt fyrir í því. „Seðlabankinn þarf að hafa sjálfstæði í þeim efnunum. En þeir hljóta að



Það er alveg ljóst að einkaneysla á Íslandi er lítil miðað við það sem hún hefur oft verið áður og í samanburði við nágrannalönd.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

taka allt til greina. Þetta og fleira og þeir hljóta að horfa áfram, fram á veginn,“ segir hann.

Frosti segir að þessar nýju hagvöxtur benti til þess að skuldaleiðréttingin geti verið nauðsynleg sem efnahagsaðgerð. „Þetta sýnir það að þær raddir sem voru við skuldaleiðréttingu, að hún myndi leiða til neysluaukningar, hafa ekki átt við rök að styðjast.“ Hann bendir á að Seðlabankinn hafi óttast svokölluð auðsáhrif. Fólk myndi auka neyslu, jafnvel þó það fengi ekki meiri pening upp í hendurnar. „En það hefur ekki reynst vera,“ segir hann.

„Ég hef alltaf haldið því fram að þetta væri bara nauðsynleg efnahagsaðgerð og fólk myndi leggja áherslu á það að greiða upp skuldir sínar,“ segir Frosti og bætir því við að hann telji að fólk hugsi öðru vísi núna en fyrir hrun. Menn sýni meiri ráðdeild og skynsemi nú en áður. „En það getur gleymst aftur þegar menn eru búnir að gleyma hruninu,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is



JÓLAINNKAUP Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis telur hugsanlegt að fólk leggi meiri áherslu á að greiða niður skuldir en aukna neyslu núna en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Spotify breytir verslun hjá Skífunni




Prátt fyrir tölur um litla einkaneyslu segir Ágúst Guðbjartsson, rekstrarstjóri Skífunnar og Gamestöðvarinnar, að haustverslunin hafi verið ágæt. Hann segist þökkalega bjartsýnn á jóla-verslunina. „Helgin var mjög góð,“ segir Ágúst en býst þó við því að mesta verslunin verði helgina fyrir jól. Ágúst segir að besta salan sé í tölvuleikjum og leikjavélum. Það gangi ekki eins vel að selja tónlist, enda hafi tónveitur á borð við Spotify gerbreytt neyslumynstri fólks.

Veðrið hefur áhrif á sölu

„Salan hefur bara verið í samræmi við áætlanir, ennþá,“ segir Borgar Jónsteinsson, sölustjóri verslana hjá Pennum um verslunina nú í haust. Salan sé fin miðað við fyrra ár. „Þetta er nú alltaf svolftið upp og niður á eftir veðrinu,“ bætir hann við. Hann segir að haustið hafi líka gengið vel. Október mánuður hafi verið undir væntingum en annars hafi salan verið góð. Hann býst við því að Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir verði á meðal söluhæstu höfundar þegar jólin ganga í garð.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis



VERSNAÐ VESTRA Óveðrið ætti að vera að mestu gengið yfir norðan og austan til en í dag verður yfirleitt suðvestan strekkingur með eljum sunnan- og vestanlands. Norðanstormur og ekkert ferðaveður vestan til seint í kvöld og nótt.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI** 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI** 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kkolbeinn@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI** 512-5403: Hrunnar Helgason hrunnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI** 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Fullkomin jólagjöf fyrir fjölskylduna, vini og vandamenn!

Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell eru komin í sölu og fást í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5 og Mohawks, Kringlunni. Pantaðu og fáu sent í síma 5303002 eða á midar@skidasvaedi.is.

Desembertilboð á vetrarkortum

SKÍÐASVÆÐIN

Sími: 4115555 og 5303002
Opíð alla virka daga kl. 9-13 og 13:30-17.

Barnavörur á Tax-Free tilboði.



Barnapía með hljóð, mynd og hitastigi herbergis

Verð nú **39.833,-**
verð áður 49.990,-



Sú allra fullkomnasta. Hreyfiskynjari, myndupptaka ofl.

Verð nú **47.801,-**
verð áður 59.990,-

Engar áhyggjur með Angelcare barnapíutæki!



Barnapía sem lætur vita ef herbergi er of kalt eða heitt

Verð nú **15.928,-**
verð áður 19.990,-



Auk hljóðs er þessi barnapía með hreyfiskynjara

Verð nú **26.685,-**
verð áður 33.490,-

AF BARNAVÖRUM
TAX FREE

frá þessum gæðamerkjum



Ný lína frá

Nuby
All Natural
CITRO

100% náttúrulegt fyrir barnið þitt



- Blautpurkur
- Barnatannkrem
- Barnatannkrem með fingurbursta
- Bossakrem
- Geirvörtukrem fyrir móður og barn
- Tanngel



I'm Toy vönduð tréleikföng. Falleg hönnun og framleidd á umhverfisvænan hátt.

Verð nú **15.928,-**
verð áður 19.990,-



11.500
vöru-
tegundir



Frí
heim-
sending★



Gildir til 14. des. á meðan birgðir endast. Tax-Free jafngildir 20.32% afslætti.

Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Vefverslunin sem selur allt

Við bjóðum nú þegar yfir 11.500 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

★ Frí heimsending samdægurs

Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000,- eða meira.

Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir bókin sem hreppti íslensku barnabókaverðlaunin í ár?
2. Hvað voru mörg Íslandsmet sett á HM í sundi í Katar?
3. Hvar er langbylgjumastrið sem sendir frá sér krampakennd leiftur?

SVÖR:

1. Letin að Blöey, 2. Fimm, 3. Á Elíum.

Formaður fjárlaganefndar hefur ákveðið að kalla eftir frekari gögnum um skiptingu fjár til háskóla:

Undrandi á skiptingu aukafjármagnsins

MENNTAMÁL Vigdís Hauksdóttir hefur kallað eftir frekari gögnum um skiptingu aukafjármagnsins til háskóla á Íslandi. Samkvæmt skiptingu frá menntamálaráðuneytinu fá Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík um 90% af þeim 617 milljónum sem lagt er til að fari aukalega til háskólanna í landinu.

„Nú erum við að biða eftir að annarri umræðu um fjárlög ljúki svo við getum tekið málið aftur upp í fjárlaganefnd. Meirihluti fjárlaganefndar vill fá frekari útskýringar

á því hvernig þessi skipting hafi verið ákveðin. Það kom okkur í opna skjöldu þegar við sáum skiptinguna svona,“ segir Vigdís Hauksdóttir.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, er ánægður með það að nefndin vilji skoða þessi mál betur. „Ég fagna því að fleiri skuli sjá að þetta er ekki réttlát skipting, sérstaklega miðað við hvað gerst hefur á síðustu sjö árum og þess vegna er það gott að formaður fjárlaganefndar kalli eftir frekari gögnum um málið. Í beinu

„Það kom okkur í opna skjöldu þegar við sáum skiptinguna svona.“

framhaldi af því er það staðfesting á því að það er í höndum ríkisvaldsins hvernig þeir skipta fjármunum milli háskólanna og hægt að komast að mismunandi niðurstöðu eftir því hvaða reikniregla er notuð. Vonandi verður fundin réttlátari aðferð við skiptingu þessara fjármuna,“ segir Eyjólfur.



VIGDÍS HAUKSÐÓTTIR Formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Arðgreiðslur Lv hafa aldrei verið hærrí

Landsvirkjun hefur undanfarin þrjú ár greitt meira í arð en áður í sögu sinni. Að jafnaði nema greiðslurnar rúmlega 1,5 milljörðum á ári. Gangi allar rekstrarforsendur fyrirtækisins eftir gæti sú upphæð tífaldast fyrir árið 2020.

ORKUMÁL Hæstu arðgreiðslur Landsvirkjunar frá stofnun fyrirtækisins hafa verið greiddar í ríkissjóð síðastliðin þrjú ár. Væntingar eru um hærrí arðgreiðslur á næstu árum.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði á nýafstöðnum haustfundi fyrirtækisins að Landsvirkjun gerði ráð fyrir að auka arðgreiðslur til ríkisins eftir þrjú til fjögur ár. Á fjór-um árum hefur verið fjárfest í nýjum orkumannvirkjum fyrir 50 milljarða króna og skuldir verið greiddar niður um annað eins á sama tíma.

Í samantekt Landsvirkjunar fyrir Fréttablaðið um arðgreiðslur fyrirtækisins frá stofnun þess kemur í ljós að greiðslurnar í ríkissjóð voru rétt tæpir fimm milljarðar árin 2012 til 2014, eða 13 til 14 milljónir Bandaríkjadala árlega. Fyrstu árin eftir hrun greiddi Landsvirkjun ekki arð, en öll árin og stighækkandi á árunum 1997 til 2008, þegar greiðslurnar voru hæstar fram til þess tíma eða 7,8 milljónir Bandaríkjadollara – eða milljarður króna á núvirði.

Hörður segir að arðgreiðslur tímabilsins fyrir hrun þurfi að skoðast í ljósi mikilla fjárfestinga á þeim tíma. „Ég geri ráð fyrir að það sé skýringin, með miklum fjárfestingum dregur úr arðgreiðslugetu. Fyrstu árin eftir hrun studdi eigandinn fyrirtækið með því að taka ekki út arð,“ segir Hörður.

Spurður um hversu háar arðgreiðslurnar gætu orðið segir Hörður að niðurgreiðsla lána gefi vissa hugmynd um arðgreiðslugetu Landsvirkjunar. Ef ekki þyrfti að greiða lán niður, heldur að mögulegt væri að viðhalda þeim, þá hefði arðgreiðslugetan verið 50 milljarðar undanfarin fjögur ár. Þá sé eftir að taka vilja eigandans inn í jöfnuna, og hvort uppbygging eða arðgreiðslur eru forgangsatriði.



BÚRFELLSVIRKJUN Næsta verkefni Landsvirkjunar gæti verið stækkun Búrfellsvirkjunar.

MYND/LV

ARÐGREIÐSLUR LANDSVIRKJUNAR

**ár	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
*upphæð	6,1	7,8	7,8	0	0	0	14,2	12,8	13,4

*Upphæðir eru í milljónum USD og á verðlagi hvers árs.

** Fyrir árið 2006 var Lv í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar.

Um mitt ár 2011 birti GAM Management hf. [GAMMA] úttekt á efnahagslegum áhrifum af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035. Niðurstöður skýrslunnar voru að greiðslur til ríkissjóðs gætu numið frá 30 milljörðum króna innan fárra ára – háð þróun rafmagnsverðs og fjárfestinga. „Miðað við þá hækkun raf-

orkuverðs sem þar var lögð til grundvallar, og við höfum bent á að sé möguleg, þá hefur það mjög jákvæð áhrif á arðgreiðslugetuna. Sú hækkun lendir aðallega á alþjóðlegum stórfyrirtækjum, og þó fyrstu viðbrögð um hækkun raforkuverðs til almennings séu neikvæð þá verður orkuverð hér áfram lágt.“ svavar@frettabladid.is

Haustrall Hafrannsóknastofnunar sýnir sterkari stofna botnfisks en oft áður:

Ýsan sýnir veruleg batamerki

SJÁVARÚTVEGUR Vísendingar eru um að ýsuárgangur ársins 2014 geti orðið stór eftir langvarandi lélega nýliðun. Þá er vísitala þorsks sú hæsta síðan mælingar hófust árið 1996.

Þetta eru helstu niðurstöður nýafstaðins haustralls Hafrannsóknastofnunar, en helsta markmið þess er að styrkja mat á stofnstærð helstu botnlægra nytjastofna á Íslandsmiðum með sérstakri áherslu á djúpkarfa, grálúðu og fleiri djúpsjárviska. Auk þess er markmiðið að fá annað mat,

óháð aflagögnum, á stærð þeirra nytjastofna sem vorall nær yfir.

Kannski er stærsta fréttin að fyrsta mæling á 2014-árgangi ýsu bendir til að nú sé sex ára hrinu af mjög lélegum árgöngum lokið. Mældist 2014-árgangurinn sá næststærsti síðan haustrall hófst árið 1996 og einungis stóri árgangurinn frá 2003 mældist stærri í fyrstu mælingu árgangsins.

Heildarvísitala um magn þorsks hefur farið hratt vaxandi síðastliðin 7 ár. Enn eitt árið er mældur metfjöldi af gömlum fiski. Mun



LJÓSAFELL SU Fyrir rallið voru leigð togskipin Ljósafell og Jón Vídalín VE.

meira er af þorski stærri en 80 sentimetrar samanborið við meðaltal árána 1996-2013.

-sh



BREYTT OG STÓRGLÆSILEG

DORMA

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!

NATURES HEILSURÚM Á JÓLATILBOÐI

NATURES REST – heilsurúm

JÓLATILBOÐ
69.900
120X200 CM

Stærð: 120x200 cm

Dýna, botn og lappir. Fullt verð 79.900

PÚ SPARAR 10.000 kr.

NATURES COMFORT – heilsurúm

JÓLATILBOÐ
111.120
140X200 CM

Stærð: 140x200 cm

Dýna, botn og lappir. Fullt verð 138.900

PÚ SPARAR 27.780 kr.

NATURES LUXURY – heilsurúm

JÓLATILBOÐ
135.920
160X200 CM

Stærð: 160x200 cm

Dýna, botn og lappir. Fullt verð 169.900

PÚ SPARAR 33.980 kr.

DORMA

– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100

Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100

NÝR MITSUBISHI OUTLANDER PHEV

VIÐ FÖGNUM

35

ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM

Í DAG LÍT ÉG NÁTTÚRUNA ALLT ÖÐRUM AUGUM OG HÚN MÍG



Mitsubishi Outlander PHEV er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú stingur bara í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

Mitsubishi Outlander
PHEV (Plug-in Hybrid)

6.690.000 kr.

Mitsubishi Outlander
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

5.290.000 kr.

TIL AFHENDINGAR STRAX!

Búnaður í Outlander PHEV: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilar, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeld að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðupurrkum, sjö öryggispuðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðaljósum, dagljósabúnaður.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Forsætisráðherra



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON

Sjútv.- og landbrh.



SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

Innanríkisrh.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Fél.- og húsnrh.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Fjm.- og efnhrh.



BJARNI BENEDIKTSSON

Menntamálarh.



ILLUGI GUNNARSSON

Heilbrigðisrh.



KRISTJÁN PÓR JÚLÍUSSON

Iðn.- og viðskrh.



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

Utanríkisrh.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON



Jóhannes P. Skúlason Ásmundur Daðason Sigurður Már Jónsson



Hrannar Pétursson Margrét Gísladóttir Lilja D. Alfreðsdóttir



Benedikt Arnason



Ingvaldur Sæmundsdóttir



Benedikt Sigurðsson



Helga S. Valgeirsdóttir



Gísli Freyr Valdórsson



Pórey Vilhjálmisdóttir



Sív Friðleifs-dóttir



Matthías Imsland



Svanhildur H. Valsdóttir



Teitur Björn Einarsson

64,3 milljónir króna eru greiddar árlega til sjö aðstoðarmanna Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra.

LAUN AÐSTOÐARMANNA

Í svari Sigurðar Más Jónssonar, upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar, við fyrirspurn Fréttablaðsins um launakjör aðstoðarmanna segir að samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands fari um laun aðstoðarmanna ráðherra, sem ráðnir eru á grundvelli 22. greinar, samkvæmt ákvörðun kjararáðs um kjör skrifstofustjóra. Aðstoðarmenn ráðherra sem ráðnir eru á grundvelli þessa ákvæðis njóta allir sömu kjara sem eru 764.614 krónur í mánaðarlaun og 128.754 krónur í kjararáðseiningar. Samtals eru mánaðarlaun aðstoðarmanna því 893.368 króna eða 10.720.416 krónur í árslaun.

Óljóst er hvort allir þeir aðstoðarmenn sem starfa fyrir Sigmund eru á þessum aðstoðarmannalaunum eða hærri sérfræðingalaunum í ráðuneytinu.

204 milljónir í laun aðstoðarmanna

Níu ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru með tuttugu manns sér til aðstoðar. Samtals fá þessir aðstoðarmenn 204 milljónir króna í árslaun. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er með sjö manns sér til aðstoðar sem fá samtals rúmar 64 milljónir króna í árslaun.

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Alls eru tuttugu manns starfandi í dag sem aðstoðarmenn ráðherra. Heildarlaunakostnaður þessara tuttugu starfsmanna á ársgrundvelli er 203,7 milljónir króna. Af þessum tuttugu aðstoðarmönnum starfa sjö fyrir Sigmund

Davíð Gunnlaugsson í forsætisráðuneytinu. Þessir aðstoðarmenn Sigmundar þiggja alls að minnsta kosti 64,3 milljónir í árslaun fyrir störf sín. Það eru Jóhannes Pór Skúlason aðstoðarmaður, Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, Benedikt Árnason, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir verkefnisstjóri, Hrannar Pétursson verkefnisstjóri,

Margrét Gísladóttir, sérstakur ráðgjafi ráðherra, og Ásmundur Einar Daðason aðstoðarmaður, en hann er jafnframt þingmaður og þiggur ekki laun fyrir vinnu sína fyrir ráðherra umfram þingfararkaup sitt.

Aðrir ráðherrar eru með færri aðstoðarmenn á sínum snærum. Flesta á eftir Sigmundi hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverf-

is- og auðlindaráðherra, með þrjá aðstoðarmenn.

Tveir ráðherrar hafa tvo sér til aðstoðar. Þau eru þau Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Að auki var Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra með tvo aðstoðarmenn áður en hún sagði af sér embætti og búast

má við að nýr ráðherra, Ólöf Nordal, muni einnig fá til liðs við sig tvo aðstoðarmenn. Aðrir ráðherrar hafa einn aðstoðarmann; þau Kristján Pór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra, og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra, en hann var tímabundið með tvo.

NISSAN NOTE

Innovation that excites

360° MYNDAVÉLATÆKNI MYNDAR ÖRYGGISHJÚP UM ÞIG OG ÞÍNA

BLINDHORNAVIÐVÖRUN
lætur vita með ljósi í hliðarspegli og viðvörðunarljóði ef ökutæki er hættulega nærri hliðum bílsins þegar skipta á um akreín.

VEGLÍNUVIÐVÖRUN
fylgist með veglinu vegarins og lætur ökumann vita með viðvörðunarljóði ef bíllinn er á leið út af veginum.

BAKKVIÐVÖRUN
fylgist með hreyfingum fyrir aftan bílinn þegar bakkað er og gerir ökumanni viðvart.

NISSAN NOTE dísil
Eyðsla: 3,2 l/100 km*
Verð frá: 3.090.000 kr.

Nýr og glæsilegur Nissan Note tekur forystu sem öruggasti billinn í sínum flokki. Myndavélar á öllum hliðum fylgjast með hreyfingum allt í kringum bílinn og aðvara ökumann þegar nauðsyn krefur. Safety Shield myndavélabúnaður er staðalbúnaður í Nissan Note Acenta PLUS.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



Veldu Bosch fyrir jólin

Gæða-heimilistæki á hagstæðu jólaverði.

Uppþvottavél, hvít

SMU 55M12SK - Meisterstück

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB. Fimm kerfi. Tímastytting þvottakerfa. 13 manna.

Jólaverð: 129.900 kr.

Fullt verð án vörugjalda: 151.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.



Þvottavél

WAB 24166SN

Tekur mest 6 kg. Hámarksvindhraði: 1200 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Jólaverð: 79.900 kr.

Fullt verð án vörugjalda: 87.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.



FRÁBÆR
KAUP



Uppþvottavél, stál

SMU 55M15SK - Meisterstück

Orkuflokkur A++. Hljóð: 44 dB. Fimm kerfi. Tímastytting þvottakerfa. 13 manna.

Jólaverð: 139.900 kr.

Fullt verð án vörugjalda: 159.900 kr.
Fullt verð: 199.900 kr.



Þvottavél

WAP 28498SN

Tekur mest 8 kg. Hámarksvindhraði: 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

Jólaverð: 139.900 kr.

Fullt verð án vörugjalda: 159.900 kr.
Fullt verð: 199.900 kr.

Ryksuga

BGL 4SIL69A

Orkuflokkur A. Útblástur A. Parkett og flísar, flokkur A. Teppa, flokkur C. Hljóð: 69 dB. Vinnuradíus: 10 metrar.

Jólaverð: 34.900 kr.

Fullt verð: 47.900 kr.



Við höfum þegar kvatt vörugjöldin og **lækkað verð** á öllum heimilistækjum, sem bera vörugjöld, **um 20%** til áramóta. Öll verð miðast við að vörugjöld séu fallin niður.

Þurrkari

WTE 84384DN

Tekur mest 7 kg. Gufuþétting, enginn barki. Rakaskynjari. Krumpuvörn í lok kerfis.

Jólaverð: 79.900 kr.

Fullt verð án vörugjalda: 103.900 kr.
Fullt verð: 129.900 kr.



FRÁBÆR
KAUP

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

EINSTÖK TILBOÐ!

4x4 bílar fyrir ófærðina

WWW.BÍLALAND.IS



4x4

Rnr. 320139

**GÖNGUM FRÁ
FJÁRMÖGNUN Á
STADNUM**

INFINITY QX56 4x4
Nýskr. 01/05, ekinn 176 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.390.000

TILBOÐSVERÐ! 2.490 þús.



4x4

Rnr. 142429

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 32 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.590.000
TILBOÐ kr. 3.990 þús.



4x4

Rnr. 102116

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
TILBOÐ kr. 2.790 þús.



4x4

Rnr. 142190

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/11, ekinn 109 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.290.000
TILBOÐ kr. 2.690 þús.



4x4

Rnr. 142195

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 04/11, ekinn 137 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.880.000
TILBOÐ kr. 2.390 þús.



4x4

Rnr. 282038

HYUNDAI SANTA FE II CRDi
Nýskr. 11/07, ekinn 161 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.550.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.



4x4

Rnr. 280899

SUBARU LEGACY SPORT SEDAN
Nýskr. 05/10, ekinn 97 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.580.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Árleg influensa hefur enn ekki greinst en sóttvarnalæknir hvetur til aðgerða: Tími bólusetninganna kominn

HEILBRIGÐISMÁL „Drátt fyrir að hin árlega influensa hafi enn ekki greinst hér á landi þennan veturinn telur sóttvarnalæknir afar mikilvægt að fólk láti bólusetja sig,“ segir í frétt á vef landlæknis. „Ekki er bara horft til influensunnar heldur ber líka að hafa í huga að vegna gosmengunar frá Holuhrauni gæti influensan lagst þyngra á þá sem eru með langvinna sjúkdóma og/öðru 60 ára og eldri,“ segir landlæknir sem kveður ávallt mega búast við influ-

ensunni í kringum áramótin. „Svo nú er rétti tíminn fyrir bólusetningu.“

Þá segir að veirustofnar influensunnar geti verið mismunandi milli ára og þess vegna sé hvatt til árlegrar influensubólusetningar. „Það getur tekið allt að 2 til 3 vikur fyrir bóluefnið að gefa vörn. Bóluefnið verndar ekki gegn almennu kvefi eða öðrum veirusýkingum en sumar af þessum sýkingum geta valdið einkennum sem líkjast influensu.“ - gar



BRUNNURINN BYRGÐUR Allir yfir 60 ára eru hvattir í bólusetningu gegn influensu. NORDICPHOTOS/GETTY

Tvær hugmyndir um losun hafta

Stjórnvöld kynna fulltrúum slitastjórna bankanna hugmyndir um losun hafta í dag. Tvær hugmyndir eru á borðinu. Annars vegar er rætt um útgönguskatt og hins vegar að eigendur aflandskróna breyti eignum sínum í skuldabréf.

EFNAHAGSMÁL Tvær hugmyndir um losun fjármagnshafta voru kynntar fyrir samráðshópi um afnám haftanna í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins felur önnur hugmyndin í sér að eigendur aflandskróna verði hvattir eða jafnvel knúin til að skipta eignum sínum yfir í skuldabréf til 30 ára eða meira.

Hin hugmyndin snýst um að leggja flatan útgönguskatt á erlendar sem og innlendar eignir. Það myndi þýða að ef lífeyrissjóðir vildu flytja fjármagn á milli landa yrðu þeir að greiða skatta af þeim fjármagnsflutningum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru hugmyndirnar ekki fullmótaðar en staða mála verður engu að síður kynnt fyrir fulltrúum slitabúa bankanna þriggja á fundi í dag. Á fundinum í gær var ekki rætt um það hversu hár útgönguskatturinn gæti orðið ef hann yrði lagður á.

Það voru þeir Glen Victor Kim, sérstakur ráðgjafi Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og Lee Buchheit, lögfræðingur og aðalsamningamaður Íslands í Icesave-málinu, sem hittu samráðshóp um afnám hafta á fundinum í gær. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, á sæti í samráðshópnum. Hann sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 að afnám gjaldreyrihaftanna yrði ekki sá gróðavegur fyrir íslenska ríkið sem forsætisráðherra boðaði fyrir síðustu kosningar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson boðaði fyrir síðustu þingkosningar að samningar við kröfuhafa myndu skila um 300 milljörðum í ríkiskassann enda lægi kröfuhöf-



HITTI SAMRÁÐSNEFND Lee Buchheit var einn ráðgjafa ríkisstjórnarinnar sem hittu samráðsnefnd um afnám hafta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um á að fara með peningana úr landi. Árni Páll segir að ljóst sé eftir fundinn í dag að ekkert slíkt sé í farvatninu. „Þetta er ekkert í líkingu við það sem forsætisráðherra hefur margsinns sagt, um að það sé rakinn gróðavegur að afnema höft, og það sé hægt að búa til peninga með afnámi hafta,“ sagði Árni Páll. Þvert á móti væri hægt að ráða það af kynningu á fundinum að það væri ekki áætlunin.

Árni Páll sagði að fyrir tveimur árum hefði legið fyrir áætlun um afnám hafta með samningum sem hefði átt að skila 300 millj-

→ Hugmyndir um losun hafta verða kynntar fulltrúum slitastjórna bankanna í dag.

örðum í ríkiskassann. Núverandi stjórnvöld hefðu ýtt henni til hliðar. „Það sem líka virðist blasa við er að lífeyrissjóðir almennings verði aftast í biðröðinni við afnám hafta og hagsmunir kröfuhafa verði í forgangi. Það er eðlilegt að spyrja núna: Hvað hefur þessi töf kostað?“

tka@stod2.is, jonhakon@frettabladid.is

Neitaði að greiða Karli Axelssyni reikning vegna lögfræðistarfa hans:

Kári þarf að greiða tvær milljónir


DÓMSMÁL Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, þarf að greiða Karli Axelssyni, lögmanni og settum hæstaréttardómara, tvær milljónir króna.

Um er að ræða reikning sem Kári hafði neitað að greiða Karli vegna starfa þess síðarnefnda fyrir forstjórnann. Stefndi Kári Karli vegna þessa og taldi reikninginn of háan. Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Kári krafðist þess að úrskurður Lögmannafélagsins um þóknun Karls yrði felldur úr gildi og að hæstaréttarlögmaðurinn greiddi allan málskostnað. Kári þarf hins vegar að greiða 470 þúsund krónur í málskostnað.

Við aðalmeðferð málsins sagðist Kári hafa ráðið Karl í vinnu og

að þeir hefðu gert með sér samkomulag um það. Reikningurinn hefði hins vegar ekki passað við það samkomulag þar sem fulltrúi Karls, Þórhallur Bergmann, var skráður fyrir 150 tímum af vinnunni en Karl fyrir 17 tímum. Kári sagði að Karl hefði svo upplýst sig um að hann væri hættur að flytja mál fyrir héraði. Aðspurður um hverju hann hefði þá svarað sagði Kári að hann hefði bent honum á að þeir hefðu gert samkomulag um að hann myndi flytja mál sitt.

Karl sagði fyrir dómi að Kári hefði verið ósáttur við ýmislegt í málinu, meðal annars kostnað málsins, laun fulltrúa hans og svo hefði hann hætt að borga reikninga. - ktd



TAPADI Kári þarf að greiða Karli tvær milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PPARTIBVA • SÍA • 14144139

Jólagjafir VEIÐIKAPPANS



Velkomin í Ellingsen! Þú færð allt á óskalista stang- og skotveiðifólks í Ellingsen. Hjá okkur starfa sérfræðingar í öllum deildum sem veita faglega og vandaða ráðgjöf og finna réttu vörurnar fyrir þig. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.



VESKI FYRIR RIFFILSKOT
Svart

2.490 KR.



TVÍFÓTUR FYRIR VEIÐIBYSSUR

14.990 KR.



BROWNING HREINSISETT
Fyrir veiðibyssur

12.990 KR.




ABU ABUMATIC CLASSIC 170I
Kasthjól

12.990 KR.



SPÚNAKASSI

5.490 KR.



ÆFINGASKOTMARK

3.990 KR.




MUCK BOOT VEIÐISTÍGVEL

14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 23.990 KR.



SHAKESPEARE FLUGUSTÖNG
Verð frá:

14.990 KR.



MAUSER TASKA FYRIR VEIÐIRIFFLA
Með tainalás

29.990 KR.



DEERHUNTER SKOTGLERAUGU

4.990 KR.



GIKKLÁSAR
Verð frá:

2.690 KR.



BROWNING VEIÐIHNÍFUR

11.990 KR.



MINOX SJÓNAUKAR FYRIR VEIÐIBYSSUR
Verð frá:

79.990 KR.



HAWKE SJÓNAUKI 10X25

5.990 KR.



SHAKESPEARE OMNI 40 FD
Veiðihjól með línu

6.490 KR.



Afgreiðslutímar í desember

Mán.-fös. 8.-12. des.	10-18	Miðvikudagur 17. des.	10-22	Mánudagur 22. des.	10-22
Laugardagur 13. des.	10-18	Fimmtudagur 18. des.	10-22	Þorláksmessa 23. des.	10-23
Sunnudagur 14. des.	12-18	Föstudagur 19. des.	10-22	Aðfangadagur 24. des.	10-12
Mánudagur 15. des.	10-18	Laugardagur 20. des.	10-22	Jóladagur 25. des.	Lokað
Þriðjudagur 16. des.	10-18	Sunnudagur 21. des.	12-22		

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Hótanir vegna spilaskulda: Föngum bannað spila á spil

SVÍPJÓÐ Í kjölfar hótana og átaka vegna spilaskulda hafa spil verið tekin af föngum í nokkrum fangelsum í Svíþjóð. Sænskir fjölmiðlar greina frá því að fangar hafi neyðst til að einangra sig vegna hótana samfanga.

Fangar gagnrýna harðlega þessar aðgerðir stjórnenda fangelsanna. Að spila á spil sé helsta skemmtunin um helgar. Bent er á að fangar muni finna nýjar leiðir til að spila um peninga.

- ibs

Sex fangar Bandaríkjahers fluttir frá Guantanamo til Úrúgvæ þar sem þeir munu búa:

Lausir úr haldi eftir rúman áratug

ÚRÚGVÆ, AP Sex fangar hafa verið fluttir frá fangabúðum Bandaríkjahers við Guantanamoflóa á Kúbu til Úrúgvæ, þar sem þeir hafa fengið leyfi til að búa.

Byrjað var á að leggja þá inn á sjúkrahús í Montevídeó, höfuðborg landsins, þar sem heilsufar þeirra verður skoðað.

Fjórir þeirra eru frá Sílandi, einn frá Túnis og einn er Palestínamaður. Einn þeirra hefur lengi verið í hungurverkfalli, en er nú byrjaður að borða og verður fljót-

lega útskrifaður af sjúkrahúsinu.

Strax árið 2009 komust Bandaríkjamenn að þeirri niðurstöðu að óhætt væri að láta þá lausa, en þeir hafa verið áfram í haldi vegna þess að ekki þótti óhætt að senda þá til fyrri heimkynna sinna. Illa hefur gengið að fá önnur lönd til að fallast á að taka við þeim.

Eleuterio Fernandez Huidobro, varnarmálaráðgjafi í Úrúgvæ, segir það „kjánalegt“ að þeir hafi verið grunaðir um aðild að hryðjuverkasamtökum.

Alls hafa nærri 800 manns verið í haldi Bandaríkjahers á Kúbu árum saman, flestir handteknir á árunum 2001 og 2002. Enn eru 136 fangar eftir í fangabúðunum, og hafa þeir flestir verið þar í meira en áratug án þess að hafa nokkurn tímann komið fyrir dómara, hvað þá að hafa verið dæmdir til fangavistar.

- gb

SJÚKRAHÚSIÐ Í MONTEVÍDEÓ Mennirnir sex voru fyrst fluttir á sjúkrahús, þar sem heilsufar þeirra er rannsakað.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ALLT Á FLOTI Bóndi gengur um hrísgrjónaakur sem flætt hefur yfir í kjölfar fellibyljarins. Sólarhringsúrkoma var tæpir 400 millimetrar þegar mest lét. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hagupit stráði salti í sárin rúmu ári eftir að Haiyan gekk yfir:

Allt á floti eftir mikinn fellibyl

FILIPPSEYJAR Fellibylurinn Hagupit gekk yfir Filippseyjar í gær og í fyrradag. Vindhraði var öllu minni en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi en tjón varð engu að síður töluvert. Aðeins er rúmt ár síðan fellibylurinn Haiyan olli tjóni upp á tæpa þrjá milljarða dollara.

Rúm milljón manna hefst nú við í neyðarskýlum og unnið er að því að hreinsa vegi og flugvelli svo hægt sé að koma nauðsynjum til bágstaddra. 24 dauðsföll hafa verið rakin til fellibyljarins, sem nú flokkast sem hitabeltisstormur, en líklegt þykir að sú tala muni hækka.

- jõe

Afganskar hersveitir taka við af NATO

Prettán þúsund hermenn á vegum NATO og Bandaríkjanna verða áfram í Afganistan til að þjálfa og aðstoða heimamenn, en hætta beinni þátttöku í hernaðarátökum. Smám saman er svo ætlunin að fækka í erlenda fjölbjódaliðinu.

AFGANISTAN, AP Fjölbjódalið Atlantshafsbandalagsins í Afganistan er hætt að taka þátt í hernaðarátökum þar í landi, þótt áfram verði 13 þúsund manna lið þar á vegum NATO og Bandaríkjanna.

Afganski herinn á nú að taka alfarið yfir þetta bardagahlutverk fjölbjódaliðsins, en smám saman á svo að fækka enn frekar í erlenda herliðinu.

Haldin var hátíðleg athöfn í Kabúl í gær, þar sem fáni yfirstjórnar fjölbjódaherliðsins var tekin niður. Um svipað leyti gerðu uppreisnarmenn enn eina árásina, að þessu sinni á lögreglustöð í Kandahar-héraði, þar sem fimm létust og sjö særðust.

Talibanar hafa hert árásir sínar undanfarið og Zabihullah Múdjahíd, talsmaður talibanahreyfingarinnar, sagði í viðtali við AP að þeir myndu halda áfram árásum sínum þangað til allir erlendir hermenn yrðu farnir frá Afganistan.

Á þessu ári hafa átök og árásir í landinu kostað meira en 4.600 manns lífið, sem er nokkur fjölgun frá síðasta ári þegar 4.350 manns létust í átökum og árásum.

Frá því Bandaríkin og bandamenn þeirra réðust inn í Afganistan árið 2001, nokkrum vikum eftir árásir hryðjuverkamanna al-Kaída-samtakanna á Bandaríkin, hafa um 3.500 erlendir hermenn látið þar lífið, þar af að minnsta kosti 2.210 Bandaríkjamenn.



FÁNI TEKINN NIÐUR Eftir var hátíðlegar athafnar á flugvelli í Kabúl í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölbjódaliðið mun frá og með áramótum einbeita sér að því að þjálfa og aðstoða hersveitir heimamanna, en afganski herinn hefur haft forystu í átökunum við uppreisnarmenn síðan um mitt síðasta ár.

Bandaríski herforinginn John F. Campbell, sem er yfirmaður fjölbjódaliðs NATO og Bandaríkjanna, segir að sveitir afganska hersins og afgönsku lögreglunnar séu orðnar vel færar um að sinna þessu verkefni: „Þeir þurfa að gera einhverjar breytingar á yfirmönnum, sem verið er að fram-


4.600

manns hafa látið lífið í átökum og árásum í Afganistan á þessu ári.

kvæma, og þeir þurf að láta fólk axla ábyrgð á verkum sínum.“

Þegar mest var voru 140 þúsund erlendir hermenn í Afganistan, en það var árið 2011. Þeir voru 13.300 nú í byrjun desember. Bandaríkin ætla að vera með nærri 11 þúsund manna herlið fyrstu þrjá mánuði næsta árs.

gudsteinn@frettabladid.is



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortíð er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Bandaríkin segjast ekkert hafa vitað um samningaviðræður um gísl:

Greiða átti 200 þúsund dali

SUÐUR-AFRÍKA, AP Suður-Afríkumenn voru langt komnir með að semja við mannræningjana í Jemen um að láta suðurafrikska kennarann Pierre Korkie lausan þegar hann lést á laugardaginn í árás Bandaríkjamanna.

Bandaríkjamenn segjast ekkert hafa vitað af þessum samningaviðræðum, en Suður-Afríkumenn segjast hafa látið stjórnvöld í Jemen fylgjast með öllu sem gerðist í samningaviðræðunum.

Þá fullyrðir háttsettur leyniþjónustumaður í Jemen að bandarískir erindrekar í Sanaa, höfuðborg Jemens, hafi fyrir hálfum mánuði fengið upplýsingar um stöðu mála. Bandaríkjamenn hafi hins vegar ekki formlega beðið um upplýsingar um suðurafrikska gíslinn.

Imtiaz Sooliman, stofnandi suðurafriksku hjálparamtakanna sem áttu í samningaviðræðunum um lausn Korkies, segist ekki geta annað en trúað því að Bandaríkjamenn hafi ekki vitað að láta átti Korkie lausan: „Ef þeir segjast



LUKE SOMERS Bandaríski fréttaljósmyndarinn sem lést ásamt suðurafrikska kennarmanum Pierre Korkie. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ekki hafa vitað það, þá vissu þeir það ekki,” segir hann.

Korkie lést á laugardaginn ásamt bandaríska gíslinum Luke

Somers, þegar bandarískar hersveitir gerðu árás á gíslatökumennina.

- gb

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



ÚR ELDAMENNSKU Í SKÝJAFORRITUN



Daníel Örn Stefánsson
þjónustufulltrúi og forritari

„Ég var kominn með starfsleiða sem matreiðslumaður þegar ég ákvað að fara í forritunarnámið hjá NTV.

Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun því í framhaldinu fékk ég starf hjá Stefnu hugbúnaðarhúsi á Akureyri, frábærum vinnustað og ég hlakka til að mæta til vinnu á hverjum einasta degi.“

ÚR BÍLAVIÐGERÐUM Í LEIKJAFORRITUN



Haraldur Þrastarson
leikjahönnuður og forritari

„Síðan ég útskrifaðist úr Dipómanámi í forritun hjá NTV árið 2013 hef ég forritað sex Android tölvuleiki og er kominn í nýtt og spennandi starf.

Að setjast aftur á skólabeck er besta ákvörðun sem ég hef tekið lengi og námið það skemmtilegasta sem ég hef farið í.“



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

FRAMTÍÐIN ER FORRITUÐ Í SKÝIN!

Á kvöldin með vinnu eða í dagskóla

Forritunarbraut NTV

406 stundir - Verð: 599.000 - 28 einingar - Kvöld- og helgarnám byrjar 3. feb. og lýkur 19. des.
Dagnám byrjar 2. feb. og lýkur 17. des. - Nánari upplýsingar er að finna á www.ntv.is

Breyttir tímar hafa aukið eftirspurn eftir fólki sem hefur þekkingu á skýjaforritun. Á þessu námskeiði, læra nemendur að beita nýjustu tólum og aðferðum sem þarf til að forrita nútíma skýjalausnir.

Fyrri önnin byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft sem miða að því að veita nemendum góða undirstöðu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma skýjahugbúnaðargerð. Að auki er unnið með forritunarramma á borð við AngularJS og Bootstrap.

Námið er undirbúningur undir alþjóðlegt próf 70-480 sem er innifalið í verði námskeiðsins. Prófið er grunnurinn að þrem alþjóðlegum vottunum:

- MCSD: Web Applications, MCSD: SharePoint Applications og MCSD: Windows Store Apps – HTML5

Seinni önnin byggir einnig á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft. Í lok námsins hafa nemendur öðlast góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og eiga einnig að vera færir um að taka 2 alþjóðleg próf: 70-511 og 70-516.

Helstu námsgreinar

Fyrri önn:

Grunnur og inngangur að forritun
- 36 stundir

Bakendaforritun skýjalausna
- 44 stundir

Framendaforritun skýjalausna
- 60 stundir

Lokaverkefni fyrri annar
- 20 stundir

Seinni önn:

Viðmótshönnun
- 12 stundir

Gagnagrunnsfræði
- 36 stundir

Forritun með C#
- 66 stundir

Gluggaforritun / APP-forritun
- 60 stundir

Gagnagrunnsforritun
- 36 stundir

Lokaverkefni seinni annar
- 36 stundir

Launafólk ætlar að sækja ríflegar launahækkunar:

Hver fær hvað?

Hvar er góðærið? Hver á að fá hvað? Hvernig verður kökunni skipt? Fá allir jafna sneið, eða endurtekur sagan sig og þau betur settu skammta sér magafylli og gæta vel að um leið að þau verr settu fái ekki meira en dugar til lágmarksnæringar? Trúlegast endar þetta á sama veg og svo oft áður. Þeim verr settu verður trúlega gert að gæta þess að meðaltali haldi. Þá munu þau betur settu ekki ganga á undan með góðu fordæmi. Reynslan segir að viðsemjendur venjulegs launafólks, það eru launagreiðendur, sitja ekki við hið hefðbundna samningaborð þegar þeir semja um eigin laun. Í samningaviðræðum hjá ríkissáttasemjara er ekki samið um sex hundruð þúsund króna launahækkun á mánuði. Þar er samið um tveggja til þriggja prósent hækkun, sem svo er fagnað með nýbökudum vöflum með rjóma. Þegar vel setta fólk séur um sín laun er samningum varla fagnað með vöflum. Meira þarf til.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Samkvæmt Tekjublaði Frjálsrar verslunar, vegna launa fyrir árið 2013, hækkudu laun sumra millistjórnenda í einkafyrirtækjum um allt að fjórutíu prósent milli ára og stjórnenda um þrettán prósent. Á sama tíma hækkadi launavísitalan um 5,7 prósent. Að meðaltali eru millistjórnendur einkafyrirtækja með um 2,2 milljónir í mánaðarlaun og tvö hundruð launahæstu forstjórnarnir með 2,6 milljónir á mánuði. Laun forstjóra hækkudu að jafnaði um 300 þúsund krónur á mánuði og sumra millistjórnenda um 600.000. Fjármagnstekjur eru ekki inni í þessum launatölum.

Það er að mestu þetta fólk, með þessi laun, sem nú mun gera allt hvað þá getur til að tryggja að hið almenna launafólk fái sem minnsta hækkun. Allt í nafni stöðugleika. Í raun er einfalt að vísa öðrum veginn, en fara hann ekki sjálfur. Enda er það gert. Á heimasíðu Samtaka atvinnulífsins segir og það réttilega: „Verðbólgan hefur farið hjaðnandi frá gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrr á árinu og er nú innan við 1%. Verðbólga ársins 2014 verður sú minnsta í 60 ár á Íslandi og verðtryggðar skuldir heimilanna hækka minna á þessu ári en á nokkru ári frá því verðtryggingin var tekin upp fyrir 35 árum.“

Um þetta er ekki og verður ekki deilt. Væntanlega verður tekist á um að þau sem eru í aðstöðu til að semja í glæstum sölum eða í bakherbergjum taki þátt í að verja stöðugleikann en ætli ekki enn og aftur að ætlast til alls af öðrum.

Það eru átök fram undan á vinnumarkaði. Ekki vegna þess að launafólk sé heimtufrekt. Miklu frekar vegna þess að sum okkar hafa skammtað sér allt of stóra sneið af kökunni og með framgöngu sinni séð til þess að allar meðaltalsmælingar eru nánast einskis virði.

Hvar er góðærið? er spurt. Ekki hjá láglaunafólki, ekki hjá öryrkjum, sem nú horfa fram á að fá ekki allt það sem búið var að lofa þeim, ekki hjá öðrum bótaþegum og ekki hjá atvinnulausum. Er það í öðrum löndum en ekki hér, nema hjá hinum útvöldu? Og svo, hver fær hvað?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvað býr að baki?

Innan Sjálfstæðisflokksins og utan eru kenningar um hvers vegna Bjarni Benediktsson kallaði til Ólöfu Nordal, fyrrverandi varaformann, í embætti innanríkisráðherra. Bjarni gekk fram hjá sitjandi þingmönnum, en nokkrir þeirra töldu sig hæfa til verksins, njóta trausts þingflokks og almennra flokksmanna. Eins og kunnugt er bar þar mest á Ragnheiði Ríkhardsdóttur, Péttri Blöndal, Unni Brá Konráðsdóttur og Brynjari Níelssyni. Eftir að Bjarni bar upp tillöguna um Ólöfu, á þingflokksfundum, og hún var samþykkt samhljóma var ljóst að sumum þingmönnum var brugðið. Ekki síst þegar Bjarni sagðist hafa valið ráðherra sem nyti óskoraðs traust flokksmanna.

Kenning eitt

Í röðum flokksmanna er grunur um að Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hafi sammælt um að ógn stæði af Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem sigraði glæsilega í kjöri um ritara flokksins og því sé leiðin greið fyrir hann til forystu í Reykjavík. Nú þegar Ólöf hefur tekið við sem ráðherra opnast líkur á að hún og Illugi, bæði ráðherrar þegar kemur að næsta prófkjöri, verði kjörin til forystu í Reykjavíkurborgarmunnum báðum. Guðlaugur Þór, og svo auðvitað Hanna Birna Kristjánsdóttir, eigi því á brattann að sækja þegar að því kemur. Vissulega er þetta langsótt kenning, en hún kemur úr floknum.

Kenning tvö

Önnur kenning kemur úr röðum Sjálfstæðisflokksins, sú gengur þvert á þá fyrri. Þegar Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði af sér ráðherra-dómi sagði Bjarni Benediktsson að mögulega yrði Hanna Birna ráðherra á ný, áður en kjörtímabilið verði allt. Nú er kenningin sú að Bjarni hafi leitast við að fá góðan flokksmann til að vista embættið í einhvern tíma. Á það á Einar K. Guðfinnsson ekki að hafa fallist, en Ólöf Nordal hafi fallist á það. Alltént var Ólöf ekki fyrsti kostur Bjarna Benediktssonar. Tíminn mun síðan leiða í ljós hvort önnur kenningin sé rétt, og þá hvor, eða jafnvel að báðar séu rangar.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Inn um bakdyrnar á náttúrupassa

UMHVERFIS-MÁL



Ögmundur Jónasson alþingismaður

Náttúrupassi Ragnheiðar Elínar Árnadóttur ferðamálaráðherra er með furðulegri uppátækjum í íslenskum stjórnámálum síðari tíma. Hugdetta um náttúrupassa kemur fram. Ráðherrann bitur hana í sig, í ljós kemur að þorri manna er henni andvígur en ráðherrann heldur engu að síður staðfastlega áfram göngu sinni inn í hið pólitíska öngstræti þótt augljóst sé að málið muni aldrei fá brautargengi á Alþingi. Og ef svo illa færi að lagafrumvarpið yrði samþykkt yrðu lögin engu að síður andvana fædd því almennt myndu Íslendingar ekki festa kaup á þessum passa. Sama fólk sem án efa greiddi með ánægju gjald eða skatt til verndar íslenskrí náttúru myndi aldrei undirgangast passaskoðun til að ganga inn á Þingvelli. Það krefst ekki mikillar ígrundunar að skynja þetta.

En er þar með sagan öll sögð? Ekki alveg. Ferðamálaráðherra virðist vilja hugnast þremur aðilum: Ícelandair og öðrum flugrekstraraðilum sem ekki vilja að sett verði komugjald á ferðamenn til að fjármagna náttúruvernd, hóteleigendum sem ekki vilja gistináttagjald og síðast en ekki síst landeigendum sem vilja fá að rukka sjálfir beint og ofan í eigin vasa.

→ Og ef svo illa færi að lagafrumvarpið yrði samþykkt yrðu lögin engu að síður andvana fædd því almennt myndu Íslendingar ekki festa kaup á þessum passa.

Þegar rukkað var við Keríð, Geysi, Leirhnjúk og í Námaskarði síðastliðið sumar sagði ferðamálaráðherra ekki orð gegn þessu framferði, jafnvel þótt Umhverfisstofnun hefði sagt hið augljósa, að þetta væri lögleysa. Ragnheiður Elín lýsti því meira að segja yfir að sér þætti gjaldheimtan í Kerinu takast sérlega vel! Við þetta fengu skráðir eigendur Kersins án efa aukið sjálfstraust enda innheimtu þeir nú ránsfeng sinn undir blaktandi fána lýðveldisins og sögðu engan mann hafinn yfir einkaeignarrétt þeirra!

Náttúrupassinn er bakdyraleiðin til að gera innheimtu fyrir aðgang að íslenskri náttúru eðlilega, „náttúrulega“.

Íslensk náttúra á að vera allra að njóta. Náttúrupassinn er bakdyraleiðin til að gera hana að privat gróðalind. Það má aldrei gerast.



KOMONO

Winston Royale úr

21.990.-

HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS

Neyðarþjónusta áfram og frestun læknis-meðferða til vors?

Nú er þriðja lota verkfallsaðgerða lækna hafin. Öllum bráða- og neyðartilvikum hefur verið sinnt en yfir 500 aðgerðir á biðlistum hafa verið felldar niður. Ótal rannsóknir og yfir 2.000 dag- og göngudeildarkomum á Landspítalanum hefur verið frestað. Um 130 speglanir og 60 hjartarannsóknir, þræðingar og gangráðsaðgerðir hafa beðið. Langan tíma getur tekið að grynna aftur á vandanum sem var þó talsverður fyrir.



Reynir Arngrímsson varaformaður Læknafélags Reykjavíkur

HEILBRIGÐISMÁL → Kröfur um sparnað og samdrátt hafa komið víða niður á heilbrigðisþjónustunni. Sjá má þess dæmi t.d. í blóðsjúkdómum. Áður voru níu læknar á landinu sem sinntu þessu alvarlega heilsufarsvandamáli. Nú eru sex sérfræði-

læknar í 4,6 stöðugildum á Landspítalanum. Þar af þrjú stöðugildi við meðferð illkynja blóðsjúkdóma. Enginn læknir með slíka sérmenntun er á heimleið.

aðgengi að læknismeðferð hefur verið að dragast saman. Erfiðara verið að fá tíma og viðunandi úrlausn, hvort sem er í grunnþjónustu eða á sjúkrahúsum. Biðtími lengist og álag er mikið. Vaxandi fjöldi leitar á bráðamóttöku og aðra vaktþjónustu til að fá úrlausn mála sem eðlilegra hefði verið að leita í grunnþjónustu á heilsugæslu eða á skipulagðri sérfræðingsmóttöku. Þar hafa nýir læknar ekki fengist til starfa vegna dagvinnulaunakjara sem eru í boði hjá ríkinu. Slíkar bráðaheimsóknir draga úr skilvirkni kerfisins og eru dýrari kostur. Soga til sín starfskraft og fjármagn sem ætla mætti að væri betur varið til annars. Við þessar aðstæður fer reksturinn úr böndunum, kostnaðurinn rýkur upp og fjárhagsáætlanir heilbrigðisstofnana standast ekki. Hægt væri að fara betur með peningana. Það virðast embættismenn fjármála ekki skilja.

Aðgerða krafist

Kröfur um sparnað og samdrátt hafa komið víða niður á heilbrigðisþjónustunni. Sjá má þess dæmi t.d. í blóðsjúkdómum. Áður voru níu læknar á landinu sem sinntu þessu alvarlega heilsufarsvandamáli. Nú eru sex sérfræðilæknar í 4,6 stöðugildum á Landspítalanum. Þar af þrjú stöðugildi við meðferð illkynja blóðsjúkdóma. Enginn læknir með slíka sérmenntun er á heimleið. Þrír meltingarlæknar hafa nýlega sagt upp á Landspítalanum. Sá fjórði lét af störfum vegna aldurs fyrr á árinu. Engin endurnýjun er þar í auglýsingu. Spyrja verður hvort stjórnvöld hafi í raun og veru vilja til að takast á við vandann með samþökum lækna og stöðva þessa þróun. Aðgerða er krafist. Losa þarf um tregðuna. Hver verður áramótuboðskapur ríkisstjórnarinnar? Áframhaldandi uppsagnir lykilstarfsmanna í heilbrigðisþjónustunni eða verða alvöru viðræður hafnar og gengið til samninga við lækna? Þjóðin vill en þing ræður.

Endurnýjun nái jafnvægi

Læknar munu ekki láta af kröfum sínum fyrr en leiðrétting á þróun launaliða til jafns við aðrar heilbrigðisstéttir hefur náðst. Tryggt sé að kjör í boði séu hvarning til íslenskra lækna um að flytjast heim. Endurnýjunin nái jafnvægi á ný. Að læknaflóttinn hætti og stöðugildum fjölgi. Allt annað væri ábyrgðarleysi. Dýrkeypt frestun á því óumflýjanlega. Til að leysa hnúttinn þurfa læknar umtalsverða leiðréttingu á grunnlaunum. Landsmenn skilja það. Um það virðist almenn sátt í þjóðfélaginu. Samstaða lækna á ríkisstofnunum er eindregin.

Læknar hafa boðað áframhaldandi aðgerðir á nýju ári. Þjóðar vikur í hverjum mánuði fram að páskum eða þar um bil. Nú með vaxandi þunga. Hvert svið í fjóra daga í senn í stað tveggja áður. Ekkert hlé á milli aðgerðalota eins og fyrr jól. Það sýnir alvöru málsins. Þjóðin hefur stutt kröfur lækna. Niðurstöður skoðanakannana sýna það rækilega. Mörg stéttarfélög hafa lýst yfir stuðningi. Samtök sjúklinga hafa áhyggjur af stöðu mála. Það kemur ekki á óvart.

Úr böndunum

Undanfarin ár hefur þjónustan á mörgum sviðum ekki verið viðunandi. Stöðugildum lækna hefur verið að fækka. Því fylgir að

Níu rauðar rósir

Á fullveldisdaginn voru 15 bækur tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum og óska ég höfundum þeirra til hamingju. Forlagið gefur út 60% bókanna eða níu talsins en framkvæmdastjóri þess er einnig formaður Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT) sem veitir verðlaunin. Hann stýrði athöfninni og afhenti sérhverjum höfundi blóm; það fannst mér undarleg stund, sami maðurinn sat beggja vegna borðsins, var bæði veitandi og þiggjandi og í raun að færa sjálfum sér viðurkenningar og níu rauðar rósir.



Bjarki Bjarnason rithöfundur og bæjarfulltrúi

Þegar betur er að gáð kemur í ljós að formaður FÍBÚT er ekki eini stjórnarmaðurinn sem er tengdur Forlaginu. Varaformaðurinn er fyrrverandi starfsmaður þess, gjaldkerinn er ritstjóri þar á bæ og einn meðstjórnenda er í útgáfusamstarfi við fyrir-tækið.

Stjórn FÍBÚT er ein af birtingarmyndum þess landslags sem blasir við á íslenskum bókamarkaði þar sem eitt fyrirtæki hefur náð markaðsráðandi stöðu. Margir fjölmiðlamenn, rithöfundar, bókaútgefendur og bókakaupmenn þekkja þessa mynd en fæstir þeirra kjósa að tjá sig um hana.

GÓÐIR, NÝLEGIR, TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



MM Pajero 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 45.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 7.590.000



VW Tiguan Track&Style.
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 5.790.000



VW Golf A7 Highl. 1.4 TSI
DSG. Árgerð 2013, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 3.640.000



VW Polo 1.4 Comfl. 5 gíra
85 hö. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 98.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 1.490.000



VW Caddy Maxi Trendl.
1.6 TDI. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 27.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 3.690.000



VW Golf A6 Trendl 1.4 TSI
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 2.490.000



VW Polo 1.2 Trendl. 5 gíra
70 hö. Árg. 2013, bensín
Ekinn 39.700 km, beinskiptur

Ásett verð: 1.990.000



Skoda Superb Combi
TDI 170 hö. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: 4.390.000



Skoda Octavia Combi
Amb. 4x4. Árgerð 2010, dísil
Ekinn 113.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 2.790.000



Skoda Rapid Amb. 1.2 TSI
105 hö. Árgerð 2013, bensín
Ekinn 33.000 km, beinskiptur

Ásett verð: 2.690.000

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Komdu og skoðaðu úrvalið!



NOTAÐIR BÍLAR

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opíð virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

Vegna verkfalla lækna og skurðlækna

Nú er liðið vel á annan mánuð síðan lækna og skurðlækna höfu verkfallaágerðir sínar sem enn standa yfir. Hvernig stendur á því að ríkisvaldið hefur ekki komið með neitt raunverulegt útspil til að leysa þessa deilu?

KJARAMÁL



Elín Blöndal
lögfræðingur

Rætt er um að kaupkröfur lækna séu allt of háar og muni setja af stað launaskrið annarra stétta. Ljóst er þó að deilan verður ekki leyst nema komið verði að einhverju leyti til móts við þær kröfur. Eru stjórnvöld tilbúin að leggja til fjármagn svo það megi verða, eða ekki? Þögn ráðamanna varðandi þetta er í rauninni óskiljanleg. Hvað með kjarasamningsumhverfi lækna, vinnutíma, vinnuskilyrði og stjórnun? Geta úrbætur á þessum atriðum eða öðrum liðkað fyrir úrlausn deilunnar til viðbótar við launahækkun? Við skulum ekki gleyma því að ríkisvaldið gegnir hér tviþættu hlutverki, annars vegar sem samningsaðili lækna og hins vegar sem sá aðili sem á að tryggja landsmönnum heilbrigðisþjónustu. Af þeim fréttum sem almenningur hefur fengið af læknaeildunni er ekki að sjá að raunhæfar lausnir hafi verið lagðar fram af hálfu ríkisins sem samningsaðila.

Grundvallarábyrgð

Þegar sjómenn fara í verkfall hefur það þótt mjög alvarlegt mál og ríkisvaldið almennt verið tilbúið að grípa til lagasetningar. Þetta hefur verið gert með vísan til almanna-hagsmuna þrátt fyrir að fyrir liggi

→ **Ætlar ríkisstjórnin samt bara að sitja hjá og láta verkföll lækna ganga áfram aðgerðalaust?**

ad alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðavinnuástandastofnunina (ILO) og Evrópuráðið samþykki ekki lagasetningu sem stöðvar verkföll við slíkar aðstæður. Inn-

grip löggjafans í læknaverkföllin (með lagasetningu sem myndi stöðva þau) eru ekki raunhæf leiðir við þær aðstæður sem nú eru uppi, þrátt fyrir að slíkt væri mun réttlætunlega heldur en þegar aðilar á borð við sjómenn og skipverja á Herjólfví eiga í hlut. Hér verða aðrar, kannski ekki eins einfaldar, lausnir að koma til.

Ég er meðal þeirra sem lýsa yfir fullum stuðningi við lækna – en eins og fram hefur komið af þeirra hálfu er það grafalvarlegt mál að lækna-stéttin skuli nú í fyrsta skipti hafa nýtt sér verkfallsréttinn. Við viljum öll geta fengið þá nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu sem á þarf að halda, ekki síst þegar mikið liggur við. Sú þjónusta hlýtur alltaf að vera ríkisrekin að grunni til. Bæði stjórnvöld og forsvarsmenn lækna bera ábyrgð á því að leggja fram raunhæfar tillögur til lausnar kjaradeilunnar. Stjórnvöld ein bera hins vegar grundvallarábyrgð á því að heilbrigðisþjónusta í landinu sé með eðlilegum hætti. Ætlar ríkisstjórnin samt bara að sitja hjá og láta verkföll lækna ganga áfram aðgerðalaust?

Spítalabygging og kjaradeila í sjálfheldu

Í febrúar 2009 skrifaði ég í Mbl. „Landspítala skal byggja í Fossvogi“. Áður hafði ég fylgst með skrifum Ólafs Arnars Arnarsonar lækni í Mbl. og vitnaði í grein hans.

SKIPULAGSMÁL



Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Pólítísk pattstaða gæti verið ástæða þess að röksemdir Fossvoginum í hag eru ekki virtar viðlits.

Fyrri stjórn gat látið grafa grunn samtíms teiknun hússins og í leiðinni bjargað nokkrum verkföllum frá að missa tæki sín úr landi. Í staðinn leyfðu þau fjármála-fyrirtækjum, eins og t.d. Lýsingu, að virða niður atvinnutæki og selja í útlöndum á mikið hærra verði.

Eftir sitja verktakar bundnir á skuldaklafa Lýsingar. Nú lekur gjaldeyririnn til baka í skjóli Fjármálaeftirlits og það með 20% gengisálagi Seðlabanka (SB). Allt með leynd. SB virkar sem opinber peningabvottastöð. Ránsfengurinn er svo í samkeppni við fyrirtæki í landinu og uppboðsfasteignir keyptar af bönkum.

Hvernig geta flokkarnir, sem bera ábyrgð á þessu, tekið vinkilbeygju í Fossvoginn núna?

Núverandi stjórn gerði ekkert í að leiðrétta villu fyrri stjórnar í spítalamálum. Heilbrigðisráðherra telur sig líklega bundinn af samþykktum fyrri stjórna og þorir ekki að rugga bátum. Framsókn hefur tekið umdeildar ákvarðanir, sem kostað hafa mikið fé. Þeir gætu

sótt fé upp í byggingakostnaðinn í Fossvog með byggingu þar. Kannski óttast þeir að fara inn á svið samstarfsflokksins eða telja sig stíkkfrí, þar sem þeir eru ekki með ráðuneytið.

Helsta vonin er að Frosti taki af skarið.

Ódýrara í Fossvogi

Besti flokkurinn vill byggja spítala við Hringbraut fyrir skuldaleiðréttinguna og sést yfir að bygging í Fossvogi er ódýrari, sem nemur leiðréttingunni.

Lítill von er að eitthvað af viti komi frá þeim sem vilja eyðileggja góðan flugvöll og byggja nýjan, sem þeir vita hvorki hvar eigi að vera né hvað kostar.

Verðugt verkefni væri að fara yfir, hversu faglega var staðið að ákvörðun um staðsetningu við Hringbraut. Hvenær var ákvörðunin tekin? Hvernig var gagnakerfi og umferð þá? Síðast en ekki síst, hverjir komu að ákvörðuninni? Hvaða menntun og reynslu höfðu þeir hinir sömu af skipulags- og byggingamálum?

Ég er nokkuð viss um að útkoman yrði sú að það borgi sig að byrja strax í Fossvogi í stað þess að setja X milljarða á ári í byggingu sjúkrahúss við Hringbraut í Y mörg ár (X,Y=?). Hvernig verða kröfurnar uppfylltar, þegar byggingu er lokið? Er ekki bara verið að flytja Borgarspítalann í Landspítalann

→ **Heilbrigðisráðherra telur sig líklega bundinn af samþykktum fyrri stjórna og þorir ekki að rugga bátum.**

við Hringbraut, þar sem ekki er pláss fyrir hann?

Forsætisráðherra biðlar nú til aðila atvinnulífsins og vill þjóðarsátt um laun lækna. Geta þessir aðilar, sem sömdu um 3% hækkun lægstu launa, farið fram á það við sína umbjóðendur? Þeir lofuðu að aðrir skyldu ekki fá meira. Síðan hefur verið stöðugt launaskrið. Meiri hækkun til lækna kæmi fljótlega fram hjá opinberum starfsmönnum og svo upp allan launastigann. Hér er því líka pattstaða.

Vænlegra væri að bjóða fyrir þjóðarsátt hækkun skattleysismarkna í t.d. 390.000 kr. Þá fengju þeir með lægri launin hlutfallslega meiri hækkun en t.d. þeir, sem semja fyrir þá um kjörin.

Hvort sem byggt verður við Hringbraut eða í Fossvogi þarf í kjaraviðræðum að liggja fyrir, hvenær nýr spítali verður tekinn í notkun. Lækna eru líka að flýja vinnuástöðu og aðrir veigra sér við að koma heim í aðstöðuna sem er í boði.

visir.is

Sjá má lengri útgáfu greinarnar á Vísi.

Alþingi ekki í jólafrí fyrr en samningar nást við lækna

Það er afgerandi vilji landsmanna að forgangsráða sínu skattfé í heilbrigðiskerfið eins og fram kemur í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir þingflokk Pírata í nóvember. Þetta á við alla aldursflokka, alla tekjuflokka, kjósendur allra flokka og úr öllum kjördæmum, konur og karla. Meira en 90% landsmanna setja heilbrigðiskerfið í fyrsta eða annað sæti málaflokka á fjárlögum. Næst á eftir eru menntamál með 44%.

KJARAMÁL



Jón Þór Ólafsson
þingmaður Pírata

Þingmenn ræða þessa dagana forgangsröðun skattfjár í fjárlögum fyrir næsta ár.

Stjórn málaályktun 41. landsfundar Sjálfstæðisflokksins rétt fyrir síðustu kosningarnar er samála þessari forgangsröðun og segir að það skuli „leggja skattfé

fyrst í þau verkefni sem eru brýn og áriðandi“ og nefnir þar fyrst: „Örugg heilbrigðisþjónusta.“

Í stefnuskrá XD í síðustu kosningum var kafla um heilbrigðismál sem sagði það vera leiðarljós „að heilbrigðisstarfsfólkið okkar eru hin raunverulegu verðmæti heilbrigðiskerfisins“.

Kosningaloforð XB fyrir kosningar í heilbrigðismálum voru að leggja ríka áherslu á „að verðmæti heilbrigðisþjónustunnar felst fyrst og fremst í mannauðnum og því þarf að bæta starfsumhverfi og kjör heilbrigðisstétta og draga þannig úr brotthvarfi innan stéttarinnar.“

Stjórnarsáttmáli flokkanna segir svo: „Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera samkeppnisfært við nágrannalönd.“

→ **Meira en 90% landsmanna setja heilbrigðiskerfið í fyrsta eða annað sæti málaflokka á fjárlögum. Næst á eftir eru menntamál með 44%.**

Lækna eru langþreyttir og hafa í fyrsta skipti í sögu landsins farið í verkfall. Við landsmenn stöndum frammi fyrir miklu brotthvarfi þeirra og minna öryggi í heilbrigðismálum. Lítill von er meðal lækna um að það takist að semja. Margir gjörgæslulækna ætla að segja upp um áramót ef ekki tekst að semja.

Eftir gefin kosningaloforð, alvöru ástandsins og skýran vilja kjósenda allra flokka þá eiga þingmenn ekki að fara í jólafrí fyrr en samningar nást við lækna.

„Tips“ á samfélagsmiðlum

Þeir sem hafa verið virkir á samfélagsmiðlum á borð við Facebook hafa líklega orðið varir við hópana „Beautytips“ og „Sjomlatips“. Þessir hópar eru kynjaskiptir, þ.e.a.s. eingöngu kvenmönnum er heimilaður aðgangur í Beautytips og eingöngu karlmönnum í Sjomlatips. Þessir hópar byggjast á því að meðlimir þeirra fá ráðleggingar og bera fram spurningar til félaga/vinkvenna innan þeirra um allt mögulegt sem gæti varðað einstaklinginn. Meðlimir í Beautytips eru nú um 14.000 og Sjomlatips 9.000.

SAMFÉLAG



Álfur Björt Öfjörð
Agnarsdóttir nemi í MH og meðlimur í ungmennaráðum Samfés og Sveitarfélagsins Árborgar

Báðir hóparnir tóku sig til og settu af stað safnanir. Þær gengu út á það að meðlimir hópanna lögðu inn pening á reikning og rann sá peningur óskertur til Mæðrastyrksnefndar. Að nota fjöldann

til góðs, líkt og í þessu tilfelli, finnst mér framúrskarandi og hafa hóparnir safnað um 1,2 milljónum króna samanlagt. Þrátt fyrir allt góðviljaða fólk í þessum hópum eru nokkur skemmd ber í klasanum.

Eftir að hafa séð myndasafnið sem meðlimir Sjomlatips hlóðu upp á samskiptamiðilinn Snapchat get ég ekki á mér setið. Þar voru birtar niðrandi myndir af fólki og hlutgerving kvenna gríðarleg. Allt gert í nafnleysi internetsins. Ég skil ekki hvað drífur þessa „sjomla“ til þess að niðurlægja konur með því að merkja myndir af þeim með orðunum „naudgunarefni“ eða dreifa myndum af þeim sem voru augljóslega ætlaðar einungis einum aðila. Stúlkur undir lögaldri eru helstu

fórnarlömb þessarar dreifingar og veldur mér miklu hugarangri. Hvers konar heimur er það sem samþykkir slíkan gjörning?

Ég vil taka það sérstaklega fram að það eru ekki allir meðlimir hópsins sekir um þessa hegðun, heldur einungis hluti af hópnum sem hefur greinilega ekki skilning á almennri virðingu fyrir jafningjum sínum. Þessari hegðun verður að útrýma, sama hvort hún er af hendi karla eða kvenna. Þar sem þetta er vandamál sem bæði kynin þurfa að takast á við tel ég kynjaskiptingu þessara hópa óþarfa, en það er hins vegar efni í aðra grein. Vegna fjölda meðlima í hópnum, Sjomlatips og Beautytips, hafa þeir grundvöll til að útrýma þessari hegðun og efla virðingu fyrir náunganum. Þeir hafa sýnt fram á að með því að leggja á eitt er hægt að gera gott í krafti fjöldans, er ekki betra að sýna samstöðu?

Sendum frítt
lindesign.is

Bókapúði

með fiðurfyllingu

Verð 11.840 kr

Laugavegi 176 Glerártorgi lindesign.is

Handa góðum gestum



AF NETINU

Munaðarlausu málin



Sem kjósandi pírata í síðustu kosningum reyni ég að gera mér grein fyrir stöðu flokksins núna. Flokkurinn stendur sig bezst allra flokka í málum, sem snerta upplýsingafrelsi og opinn aðgang að upplýsingum. Hann hefur líka pönkast meira en aðrir flokkar í að yta fram stjórnarskránni, sem þjóðin samþykkti. Þetta eru tvö af mikilvægustu málum samfélagsins og hart að hafa ekki nema 10% fylgi út á þau. Birgitta hefur lítillega tjáð sig um þriðja stórmálið, fiskveiðikvótann. Í fjórða málinu, launum almennings, nægir ekki tillaga að þingsályktun. Ég held, að á sviði auðlindarentu og velferðar vanti flokk með öfluga frambjóðendur.

<http://www.jonas.is/>

Jónas Kristjánsson



iPhone 6
iPhone 6 Plus



Verðslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Ekkert umburðarlyndi gagnvart ofbeldi

Ofbeldi er smánarblettur á hverju samfélagi og mikilvægt er að vinna markvisst að útrýmingu þess. Ekkert umburðarlyndi gagnvart ofbeldi var yfirskrift málþings sem Jafnréttisstofa, norræna ráðherranefndin, innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið stóðu nýlega fyrir. Þar var kynnt viðamikil rannsókn sem gerð var á vegum Mannréttindastofnunar Evrópusambandsins á ofbeldi gegn konum í 28 Evrópulöndum (Violence against women: An EU-wide survey. Results at a glance). Rannsóknarniðurstöðurnar byggjast á persónulegum viðtölum við 42.000 konur í Evrópu og er þetta stærsta rannsókn sem gerð hefur verið á reynslu kvenna af ofbeldi í Evrópu og reyndar á heimsvísu. Konurnar voru á aldrinum 18-74 ára og voru valdar af handahófi. Rannsóknin gefur til kynna að ofbeldi gegn konum sé algengt en falið mannréttindabrot í Evrópu. Mannréttindastofnun Evrópusam-

KYNBUNDIÐ OFBELDI



Sigríður Halldórsdóttir
prófessor við
heilbrigðisvísinda-
svið HA

bandsins hvetur allar þjóðir í Evrópu til að skera upp herör gegn ofbeldi gegn konum og að gera allt sem hægt er til að hindra það.

Í rannsókninni kom meðal annars fram að barnshafandi konur eru sérstakur áhættuhópur en 42% kvenna urðu fyrir ofbeldi meðan þær áttu von á barni. Einni af hverjum 20 konum hafði verið nauðgað frá 15 ára aldri. Um þriðjungur kvenna hafði orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi frá 15 ára aldri. Þá höfðu 27% kvenna þurft að þola einhvers konar líkamlegt ofbeldi af hendi fullorðins einstaklings fyrir 15 ára aldur og 12% kvenna höfðu þurft að þola kynferðislegt ofbeldi í barnsku. Í 97% tilfella kynferðislegs ofbeldis í barnsku var ofbeldismaðurinn karlmaður.

Í mestri hættu

Rannsóknin sýnir að það eru ungur konur sem eru í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldi. Því þarf að

→ Um þriðjungur kvenna hafði orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi frá 15 ára aldri.

beina athyglinni alveg sérstaklega að þeim þegar rætt er um aðferðir til að hindra ofbeldi gegn konum. Í Ístanbulssamningi Evrópuráðsins eru settir fram staðlar um hvernig aðstoða skuli þolendur kynbundins ofbeldis. Þessa staðla þarf að kynna og innleiða.

Við erum hönnuð til að vera heilbrigð en hver manneskja er ein heild, líkami og sál. Það sem brýtur á sálinni brýtur á líkamanum. Í fáu er þessi sannleikur jafn skýr og í áhrifum ofbeldis á líkamann, hvort sem ofbeldið sjálft er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Stórar rannsóknir sýna að þau sem verða fyrir ofbeldi eru í meiri hættu á að fá ýmsa alvarlega sjúkdóma. Ræða þarf því ofbeldi sem lýðheilsuvandamál. Mikilvægt er að auka þekkingu á ofbeldi og áhrifum þess, taka á vandanum með samstilltu átaki allra aðila og vinna markvisst að því að útrýma því.

Allt í plati

Aldrei nokkurn tímann datt mér í hug að verkfall lækna stæði yfir í 6 vikur. Sjötta vika verkfalls lækna, þess fyrsta í sögunni, er þó gengin í garð.

Læknar eru byrjaðir að birta uppsagnarbréf. Læknanemar og kandiðatar neita að vinna á spítalanum án samninga. Helmingur sérfræðilækna á landinu, 181 læknir, segist ihuga sterklega eða hafa þegar ákveðið að flytja úr landi á næstu árum. Helmingur meltingarlækna spítalans hefur þegar sagt upp störfum. Svæfingarlæknar, gjörgæslulæknar og taugalæknar ihuga uppsagnir strax eftir áramót.

12 vikna verkfall án nokkurra hléa blasir við – frá áramótum fram að páskum. Forsætisráðherra kallar hins vegar eftir þjóðarsátt um forgangsroðun í þágu heilbrigðiskerfisins.

90% þjóðarinnar vilja forgangsraða í þágu heilbrigðiskerfisins. 78% segjast styðja kjarabaráttu lækna. 70% vilja að læknar fái hækkun umfram aðrar stéttir. Minnst 11 starfsstéttir hafa opinberlega lýst yfir stuðningi við kjarabaráttu lækna. Í sérstakri umræðu á Alþingi í nóvember um

KJARAMÁL



Ragna Sigurðardóttir
læknanemi og
formaður Röskvu

verkfall lækna voru allir þeir þingmenn sem tóku til máls, úr öllum flokkum, sammála um að leysa þyrfti deiluna sem fyrst. Samt kallar forsætisráðherra eftir þjóðarsátt.

Fjármálaráðherra telur kröfur lækna vera óraunhæfar. Þær samrýmast ekki markmiði Seðlabankans um 3,5-4% hámark á launahækkunum vegna verðbólgu markmiðs SÍ. Skuldaleiðréttingin samræmist ekki heldur þessu markmiði.

Raunhæfar kröfur?

En eru raunhæfar kröfur gerðar til lækna á Íslandi? Er raunhæft að áætla að unglæknar snúi til síns heima eftir sérnámi, á eigin kostnaði, með óleiðrétt námslán á herðum sér, þegar kjör þeirra hér eru margfalt verri en annars staðar? Búast stjórnvöld við að læknar, sem haldið hafa út í niðurskurðartíð undanfarins áratugar, láti bjóða sér aðeins 3% launahækkun þegar starfsmönnum spítalans hefur fækkað og verkefnum fjölgað um leið? Er líklegt að læknar sem hætt hafa störfum á Íslandi vegna aðstöðu og kjara, snúi til baka fyrir 3% launahækkun? Er raunhæft að áætla að kandiðatar

→ 12 vikna verkfall án nokkurra hléa blasir við – frá áramótum fram að páskum.

og nemar starfi á spítalanum við óbreytt kjör?

Ríkisstjórnin segist setja heilbrigðismál í forgang. Hún segist hafa gert það með því að leggja til „auka“ milljarð í rekstur Landspítalans. Þar að auki hefur hún lagt tæpar 900 milljónir í hönnun nýs spítala. Það er verulegt fagnaðarfeni. Það blæs manni von í brjóst. En þetta er ekki forgangsroðun í þágu heilbrigðiskerfisins.

Raunveruleg forgangsroðun ein-kennist ekki af spurningum formanns fjárlaganefndar um „hvenær sé nóg nóg“ þegar bent er á að enn vanti milljarð í rekstrargrunn Landspítalans. Hún telur ekki í sér að forsætisráðherra kalli eftir „þjóðarsátt“ þegar tæpar 80% þjóðarinnar styðja kjarabaráttu lækna. Hún lýsir sér ekki í því að fjármálaráðherra fullyrði að „kröfur lækna séu óraunhæfar“ þegar kröfur ríkisins sjálfs til lækna eru ekki aðeins óraunhæfar heldur ómanneskjulegar.

Mun forgangsroðun ríkisstjórnarinnar bjarga heilbrigðiskerfinu? Eða er þetta allt í plati?

Þannig týnist tíminn

